

bera til þess að fá frest til að afla gagna, enda hafi hann eigi áður mátt gera það.

Telja verður, að þegar hafi verið nægur frestur til að afla gagna í málinu, þar sem málið var þingfest 20. nóv. f. á., eins og fyrr segir, og hafi því öll gögn málsins átt að geta komið fram í þinghaldinu í gær. Þykir því samkvæmt tilvitnaðri grein landamerkjaganna ekki heimilt að veita umbeðinn frest í málinu.

Því úrskurðast:

Umbeðinn frestur verður ekki veittur.

Mánudaginn 22. september 1947.

Kærumálið nr. 16/1947. Jón Guðjónsson

gegn

Jóni Guðnasyni

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Synjun frests í útburðarmáli.

Dómur hæstaréttar.

Þorsteinn S. Thorarensen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 2. júlí þ. á., er hingað barst 10. s. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð fógetadóms Reykjavíkur, kveðinn upp 2. júlí s. l., þar sem sóknaraðilja var synjað um frekari frest í máli varnaraðilja gegn honum.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að ákvæði hins kærða úrskurðar um synjun frests verði fellt úr gildi og að honum verði dæmdur kærumálskostnaður úr hendi varnaraðilja eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar, að því er varðar synjun frests, en að fellt verði úr gildi ákvæði hans um vítur. Hann krefst og kærumálskostnaðar af sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir

mega staðfesta hann, en ákvæði hans um vítur hefur ekki verið kært innan lögmaelts frests.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kr. 150.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Jón Guðjónsson, greiði varnaraðilja, Jóni Guðnasyni, kr. 150.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 2. júlí 1947.

Í réttarhaldi í máli þessu hinn 26. júní s. l., er munnlegur flutningur skyldi fram fara, krafðist umboðsmaður gerðarþola, Magnús Thorlacius hrl., þess, að málinu yrði frestað um hæfilegan tíma til frekari gagnaöflunar, og þá sérstaklega til að samprófa aðilja málsins.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda, Gústaf A. Sveinsson hrl., mót. mælti frestbeiðni þessari, og var atriðið tekið til úrskurðar fógetaréttarins. Í munnlegum flutningi um atriði þetta, áður en það var tekið undir úrskurð, viðhafði umboðsmaður gerðarbeiðanda eftirfarandi ummæli um umboðsmann gerðarþola: „háttvirtur andstæðingur hefur á refsiverðan hátt reynt að draga málið.“ Hefur umboðsmaður gerðarþola krafist þess, að umboðsmaður gerðarbeiðanda verði sektaður fyrir ummæli þessi.

Málavextir eru í aðalatriðum þessir:

Gerðarbeiðandi, Jón Guðnason, tók árið 1940 á leigu 3 herbergi og eldhús á 1. hæð hússins nr. 83 við Laugaveg, en hús þetta var þá 2 íbúðarhæðir, og rishæð að auki. Eigendur hússins eru þau systkinin Guðmundur Sveinsson og Sigríður Sveinsdóttir, kona gerðarþola, og bjó hún ásamt manni sínum á 2. hæð hússins, allt þar til þau systkinin hófu árið 1946 að byggja 2 hæðir ofan á húsið.

Gerðarbeiðandi skýrir svo frá, að í septembermánuði 1946 hafi það orðið að samkomulagi milli sín og Sigríðar Sveinsdóttur, að gerðarbeiðandi léði þeim hjónunum til afnota eitt herbergi af leiguíbúð sinni, þar sem Sigríði hafði þótt illt að hafast við í íbúð sinni á 2. hæð sökum hávaða, er stafaði af nýbyggingunni. Hafi afnot þessi einungis átt að standa til bráðabirgða, og skýra þau gerðarbeiðandi og kona hans svo frá, að Sigríður hafi fastlega gert ráð fyrir því að þurfa herbergisins ekki lengur en til

s. l. áramóta í lengsta lagi. Gerðarbeiðandi ritar fúgetaréttinum hinn 30. janúar s. l. og krefst þess, að gerðarþoli verði borinn út úr herbergi þessu. Hafi gerðarþoli og kona hans hætt að búa í herberginu, en eigi þar þó ýmsa muni eftir. Gerðarþoli mótmælir gerðinni, þar sem gerðarbeiðandi hafi gengið inn á það að leyfa sér afnot herbergis þessa, meðan verið væri að byggja ofan á húsið. Raunar hefur gerðarþoli sjálfur ekki mætt hér fyrir réttinum, heldur kona hans Sigriður Sveinsdóttir, og gaf hún yfirlýsingu þessa. Er hún einnig staðfest af bróður Sigriðar og sameiganda að húsinu, Guðmundi Sveinssyni.

Málið var síðast fyrir réttinum til gagnaöflunar hinn 26. marz s. l., og töldu umboðsmenn aðiljanna þá gagnaöflun lokið, og var einnig ákveðið, að dagur til munnlegs flutnings yrði ákveðinn síðar. Vegna annrakis fúgeta og málflytjenda var sá dagur ekki ákveðinn fyrr en 26. júní s. l., og fór þá umboðsmaður gerðarþola fram á áður umgetinn frest til gagnaöflunar. Með tilliti til þess tíma, sem liðinn er frá því mál þetta var síðast fyrir rétti til gagnaöflunar, verður að telja, að umboðsmaður gerðarþola hefði getað komið fyrr fram með kröfu um endurupptöku málsins til frekari gagnaöflunar. Verður þannig, eftir atvikum, að neita um hinn umbeðna frest.

Vita ber ummæli þau, er umboðsmaður gerðarbeiðanda viðhafði um umboðsmann gerðarþola, er munnlegur flutningur fór fram hér fyrir réttinum um atriði það, er hér er til úrskurðar.

Því úrskurðast:

Hinn umbeðni frestur verður ekki veittur.

Mánudaginn 22. september 1947.

Kærumálið nr. 17/1947. Magnús Jónsson

gegn

Verzlunarfélagi Ólafsfjarðar.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms kært.

Dómur hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn kærða dóm.